



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** STÆR2DF06L og STÆR3DF07Ó veturinn 2023-2024.

**Kennarar:** Einar G og Lovísa

**Kennslugögn:** Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti,  
Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti,  
Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar.

**Bekkir:** 5.M, 5.S og 5.P.

## Lýsing:

Hornaföll, hornafallajöfnur og -ójöfnur. Samsett og andhverf föll. Vísis- og lograföll. Markgildi, samfelld og diffranleg föll.

## Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

### Hautmisseri:

- Vika 1-4: Hornaföll, hornafallareglur og þríhyrningar (kaflar 2.1-2.3 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta ásamt kafla 3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk fyrri hluta).
- Vika 5-9: Hornaföll í þríhyrningum, föll og gröf þeirra og bogamál (kaflar 2.4 og 3.1 ásamt texta í kafla 3.2 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).
- Vika 10-15: Hornafallajöfnur og -ójöfnur, föll og andhverfur (kaflar 3.2-3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).

### Vormisseri:

- Vika 1-4: Eiginleikar falla, veldi, lograr og vísisvöxtur (kaflar 3.4-3.6 í Stærðfræði handa nýjum 4. bekk seinni hluta og kafli 1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 5-9: Markgildi og samfelldni (kafli 2 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 10-14: Diffrun (kafli 3 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).

## Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 6 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.



## Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunnir:**
  - Lesin stærðfræði (stærðfræði I):
    - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
    - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
    - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.
  - Ólesin stærðfræði (stærðfræði II):
    - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
    - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
    - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt).
- **Vorpróf:** Munnlegt próf (fræðilegt) og skriflegt próf í 90 mínútur.